

ÁFENGIS- OG TÓBAKSVERSLUN RÍKISINS

Alþingi
Erindi nr. P 122/1243
komudagur 17. 3. 1998



Nefndasvið Alþingis
b.t. Hafdísar Ólafsdóttur
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík.

Dagsetning
16. mars 1998

Tilvísun
01.1/HJ

Efni: Gjald af áfengi.

Vísað er til bréfs hv. efnahags- og viðskiptanefndar dags. 9. mars 1998 með ósk um umsögn um 480. mál - gjald af áfengi.

Um 2. gr. 2. tl. og 3. tl.

Gosdrykkir, sem innihalda eingöngu vínanda er myndast hefur við gerjun, *án hvers kyns eimingar*, falla að líkindum undir 2. tölulið. Gosdrykkir, sem innihalda eingöngu vínanda er myndast hefur *við eimingu*, falla að líkindum undir 3. tl.

Bragð og styrkleiki áfengra gosdrykkja getur verið óháð því, hvort notaður hefur verið vínandi óeimaður eða eimaður til framleiðslunnar. Þeim tilgangi, sem lýst er í athugasemdum um 2. gr., verður ekki náð að óbreyttu orðalagi. Hækki gjald á drykk með eimuðum vínanda, skipta framleiðendur fljótlega yfir í óeimaðan vínanda í þeim tilvikum, sem hann er ekki nú þegar í notkun. ÁTVR hefur vöru í boði sem framleidd er jöfnum höndum úr eimuðum og óeimuðum vínanda.

Virðingarfyllst,

Höskuldur Jónsson